

Fundargerð 987. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 21. október kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hjálmar Sveinsson sat ekki fundinn og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hans á fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Millipinganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2509047SA

Huginn Freyr Þorsteinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eypór Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir og Gylfi Ólafsson, fulltrúar í millipinganefnd, komu inn á fundinn. Auk þeirra sat Einar Þorsteinsson í nefndinni sem fulltrúi stjórnar. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir vinnu millipinganefndarinnar. Fram kom að nefndin telji rétt að stjórn Sambandsins setji sér starfsreglur og að starf kjörnefndar verði styrkt með auknu gagnsæi.

Jafnframt vísaði nefndin því til stjórnar að meta hvort tilefni sé til að boða til aukalandsþings, þar sem tekin yrði afstaða til hámarkssetutíma í stjórn til að tryggja endurnýjun og breidd. Þá verði einnig rætt á næsta landsþingi hvort framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, sem ekki eru kjörnir fulltrúar, verði gjaldgengir til setu í stjórn.

Stjórn þakkar millipinganefnd kærlega fyrir vel unnin störf og góða framsetningu. Hún telur ekki ástæðu til að boða til aukalandsþings í nóvember 2025, en mun fara yfir tillögurnar og taka þær aftur fyrir á komandi stjórnarfundum.

Huginn, Aldís, Eypór, Svanfríður og Gylfi viku af fundi kl. 8:30.

Fundi var slitið kl. 09:15